

Bréf fjármálaráðuneytisins til bæjarstjórans í Hafnarfirði, um skatt af söluágóða af hlutabréfum, sem afhent hafa verið upp í arf.

51
20. febr.


Með bréfi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 7. þ. m., er óskað úrskurðar ráðuneytisins um skattgreiðslu af söluágóða af hlutabréfum, sem afhent höfðu verið sem fyrirframgreiðsla upp í arf.

Samkvæmt e-lið 7. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 2. gr. laga nr. 131 1935, skal greiða tekjuskatt af söluágóða af fasteign, ef hún hefur verið í eigu skattgjaldanda skemur en 5 ár, en af lausafé, ef það hefur verið í eigu hans skemur en 3 ár.

Hins vegar telst ekki til skattskyldra tekna, samkv. 9. gr. laga nr. 6 1935, eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf o. s. frv., en hér er átt við eignaraukann við arftökuna sjálfa, en ekki eignaraukann eftir að hún átti sér stað og skiptir 9. gr. því ekki máli í þessu sambandi. Mismun á þeirri fjárhæð, sem hlutabréfin voru metin til erfðafjárskatts og söluverði bréfanna, ef það er hærra, virðist eftir skýlausum ákvæðum laganna nr. 131 1935, bera að telja til skattskyldra tekna, ef arftaki hefur átt þau skemur en 3 ár.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 16. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um bannsvæði brezku herstjórnarinnar fyrir mynni Seyðisfjarðar.

52
8. apríl



52 Brezka herstjórnin hefur talið nauðsynlegt að banna allar veiðar og akkerislegur skipa fyrir mynni Seyðisfjarðar, á svæði, sem takmarkast á eftirfarandi hátt:

I. (Sjókort nr. 3330.)

(a) Austurmörk: Bein lína, 7,25 sjómilur í 351° stefnu frá Dalatangavita, og þaðan bein lína í 270° stefnu í skerið við Álftanes.

(b) Vesturtakmörk: Tvær beinar línur, sem báðar eru dregnar í land frá stað, sem er 0,95 sjómilur í 112° stefnu frá Brimnesvita. Önnur línan er dregin í 011½° stefnu, hin í 112° stefnu.

(Sjókort nr. 2979.) Ofangreind austurtakmörk bannsvæðisins skal draga á kortið, og orðin „Anchoring and fishing prohibited“ skal marka á svæðið vestan þessarar línu og austan Brimnesvita.

II. Á sjókort nr. 3330 og meðfylgjandi sérkort af Seyðisfirði, skal fyrir norðan sásímalínuna, milli ofangreinds bannsvæðis og bannsvæðisins við Vestdalseyri, marka orðin „Anchoring and fishing prohibited north of cable“.

(Sjá „Admiralty Notice to Mariners“, hinn 26. nóv. 1941.)

53

13. apríl

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 16. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um að aflétt sé banni brezku herstjórnarinnar um umferð í Eiðisvík.

Tilkynning frá ríkisstjórninni, dags. 4. apríl 1941 og birt er í 19. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1941, um lokun á mestum hluta Eiðisvíkur fyrir allri umferð, afturkallast hér með.

54

14. apríl

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 16. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um bannsvæði brezku herstjórnarinnar í Skerjafirði.

Brezku hernaðaryfirvöldin hafa talið nauðsynlegt að lýsa Skerjafjörð bannsvæði austan línu, sem hugsast dregin milli sjómerkisins í Suðurnesi og sjómerkisins á Eyri á Álftanesi.

Öllum fiskiskipum og öðrum bátum og skipum er því bönnuð umferð og dvöl á þessu svæði. Í dagsbirtu er fiskibátum þó heimilt að fara beina leið út á fiskimið utan bannsvæðisins frá útgerðarstað og heim aftur.

55

8. maí

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnessýslu, um flutning þingstaðar í Laugarvatnshreppi.

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, og samþykkt hreppsnefndarinnar í Laugardalshreppi í Árnessýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Laugardalshólum að Laugarvatni, enda annist hreppsnefndin að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnaði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.